



Félagar úr Parkour Íslands hittust fyrir utan Stjórnarráðið í bliðskaparveðri í gær og léku listir sínar fyrir gesti og gangandi. Vegfarendur fengu margir hverjir hnút í magann við að sjá hopp iðkenda en parkour-iðkun getur virst ógnvekjandi við fyrstu sýn. Á bakvið hvert hopp býr þó vinna og æfingar og sem byggjast á miklum aga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN KARLSSON

FRÉTTABLAÐIÐ Fleiri myndir frá helginni í Reykjavík má sjá á +Plús-síðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

Málahali lögreglu aldrei verið lengri

Yfir sex þúsund mál biða afgreiðslu ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, það elsta frá 2008. Sviðið er nú fullmannað eftir manneklum vegna hreyfingar starfsmanna innan réttarvörslukerfisins. Upplýsingatækni er nýtt betur og það auðveldar yfirsýn.

STJÓRNSÝSLA Um 6.300 mál biða afgreiðslu ákærusviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og hafa ekki verið fleiri. Um er að ræða mál sem verið hafa til rannsóknar hjá embættinu og biða þess að tekin verði afstaða til þess hvort ákært verður eða mál fellt niður.

Fréttablaðið fjallaði síðast um málahalann hjá sviðinu í febrúar í

fyrri. Þá voru málin 4.000 og sagði Hulda Elsa það fleiri mál en sviðið ætti að venjast en yfirleitt væru um tvö til þrjú þúsund mál til meðferðar þar.

Töluverð hreyfing var á starfsfólki innan réttarvörslukerfisins á árunum 2017 og 2018 sem hafði mikil áhrif á ákærusvið embættisins. Þetta kemur fram í svari emb-

ættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um orsakir málahalans.

„Tíu ákærendur hættu eða fóru í tímabundin leyfi. Nokkrir fengu stöðu hjá héraðssaksóknara og ríkissaksóknara,“ segir í svarinu. Sviðið sé hins vegar fullmannað í dag og auk þess hafi verið unnið að styrkingu þess á fleiri sviðum.

Skráningarkerfið LÖKE hefur

til dæmis verið þróað áfram með það að markmiði að kerfið nýtist ákærusviðinu betur. Starfsmenn sviðsins geta nú haft fulla yfirsýn yfir öll mál, hver þeirra hafa legið óhreyfð, hve mörg mál eru á borði hvers og eins ákærandi, hve mörg mál eru á hvaða stigi í ferlinu og svo framvegis,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir, sviðsstjóri ákærusviðs.

Hún segir kerfið láta ákærandi vita þegar úrskurður um gæsluvarðhald og farbann er að renna út og fyrirhugað sé að bæta kerfið þannig að ákærandi fái tilkynningu um mál sem eru að fyrnast.

Elsta málið sem biður ákvörðunar um ákæru er átta ára gamalt, eða frá árinu 2011. Beðið er gagna í því máli. – **áá / sjá síðu 4**

Stórsigur flokks forseta Úkraínu

ÚKRAÍNA Útgönguspár í Úkraínu segja flokk Volodímirs Selenskij forseta fá 44 prósent atkvæða og sigra í þingkosningum sem fram fóru í gær og ná meirihluta á þinginu.



Volodimir Selenskij.

Selenskij hefur þurft að deila völdum með núverandi þingi sem tilnefnið forsætisráðherra, myndar ríkisstjórn og er hlíðhollt fyrrverandi forseta.

Selenskij flýtti því þingkosningunum til að koma flokk sínum til meiri áhrifa og virðist það hafa gengið eftir. – **ds / sjá síðu 6**

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Einar Benediktsson skrifar um jarðkaup. **8**

SPORT Anton Sveinn McKee synti fyrstur Íslendinga á HM í Suður-Kóreu. **10**


MENNING Sigga Björg sýnir á Djúpavík á Ströndum og Höfn í Hornafirði. **18**

LÍFID Gera eftirmynd „strákanna okkar“ úr tréstölpum. **22**

TÍMAMÓT Á Saga Fotografica á Siglufirði eru tæki tengd ljósmyndun. **14**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK
● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökönun Gallup apríl-júní 2015



Omeprazol Actavis

20 mg, 14 og 28 stk.

Magasýrupólin hörð hylki ætluð fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsvíða og nábit). Gleypið hylkin í heilu lagi með hálfu glasi af vatni fyrir mat eða á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Actavis


Krambúðin
Opnum snemma lokum seint

Combo tilboð

199 kr/stk

Kaffi og Ameríska súkkulaðibitaköku

Veður



N-A 3-10 m/s og súld eða riging austan til. Viða skúrir fram eftir kvöldi. Hiti frá 8 stigum við norður- og austurströndina, upp í 18 stig á SV- og Vesturlandi. **SJÁ SIÐU 16**

Hitamet Evrópu sögð falla í júlí

VEÐUR Spáð 35 til 40 stiga hita víðs vegar um Evrópu í þessari viku.

Nýliðinn júní var sá heitasti í Evrópu frá upphafi mælinga. Segja vísindamenn Copernicus Climate Change Service og NASA að líkur séu á að júlí verði enn heitari.

40

stiga hita er spáð í Evrópu.

Búist er við 40 stiga hita í París og Madrid og víða á Ítalíu. Í Amsterdam er spáð 36 stiga hita og 33 stigum í London.

Í New York og Washington náði hitinn 38 gráðum um helgina. –v



Stena Imperio er enn á valdi Írana.

Vita ekki hvaða leiða skal leita

ÍRAN Búast má við að breska ríkisstjórnin tilkynni í dag næstu skref varðandi yfirtöku breska herskipins Stena Imperio, sem Íranir her-töku á föstudag.

Bretar segja Írana hafa brotið alþjóðalög með yfirtöku skipsins og að skipið hafi verið í lögsögu Oman þegar yfirtakan átti sér stað.

Philip Hammond, fjármálaráðherra Breta, sagði í gær að leit að yrði allra diplómatiskra leiða til þess að laga ástandið en óljóst væri hvaða leiðir væri hægt að fara þar sem Íran sætti nú þegar ýmsum viðurlögum. –bdj

Besti bitinn



Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á Miðbakkann í gær þar sem keppnin um besta götubitann 2019 fór fram. Árni Rúðólf á Fish & Chips vagninum bar sigur úr þytum í keppninni og hlaut þannig þátttökurétt í alþjóðlegri götubitakeppni sem fram fer í Svíþjóð í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Katrín tilnefnd til verðlauna

FÓLK „Ég varð eiginlega steinhissa,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sem er tilnefnd til verðlauna hugveitunnar Chatham House fyrir mótun framsækinnar stefnu Íslands á sviðum kynjajafnréttis og atvinnuþátttöku kvenna. Sir David Attenborough og Abiy



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Ahmed, forsætisráðherra Eþíópíu, eru einnig tilnefndir.

„Þetta eru stórmærkilegir menn sem eru tilnefndir samhliða mér sem eiga það kannski frekar skilið en ég,“ segir Katrín við fréttablaðið.is.

Attenborough er tilnefndur fyrir að vekja athygli á plastmengun í hafinu og Abiy Ahmed fyrir baráttu fyrir bættum stjórnarháttum, mál-frelsi og lýðræði í Eþíópíu. –ilk



Katerina Parouka nýtur þess að vera í tjaldinu, en þar hyggst hún búa fram í október. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ævintýri kærustupars í tjaldi í Laugardalnum

Háskólanemi frá Grikklandi hefur búið ásamt kærasta sínum í tjaldi í Laugardal frá því í júní og hyggst búa þar fram á haust. Katerina Parouka segist ekki kvíða kuldanum sem fylgi haustinu heldur njóti hún þess að sofa í tjaldinu.

FÓLK „Ég er búin að vera hérna í næstum því mánuð og þetta er mjög fint, eiginlega bara algjört ævintýri,“ segir Katerina Parouka, háskólanemi frá Grikklandi. Hún býr í tjaldi í Laugardalnum ásamt kærasta sínum.

„Við erum búin að vera allan tímann í tjaldinu og verðum fram á haust. Förum aftur heim í október,“ segir Katerina sem kveðst vel geta hugsað sér að búa lengur á Íslandi.

„En ég er að fara að útskrifast úr íþróttáfræði í háskóla á Grikklandi, svo kannski komum við bara aftur á næsta ári og reynum að vera lengur.“

Bæði Katerina og kærastinn eru að vinna á Íslandi í sumar en langar að ferðast um landið og skoða náttúruna áður en þau fara aftur til Grikklands.

„Ég er að vinna sem þerna á Center

Hotel hér í borginni og líkar vel. Við höfuð skoðað borgina í þau og þetta er frábær borg en okkur langar að sjá meira. Til dæmis Bláa lónið.“

Katerina og kærasti hennar hafa komið sér vel fyrir í Laugardalnum. Tjaldið er vel útbúið og heimilislegt.

„Þá daga sem ég er að vinna mæti ég klukkan átta og vinn til klukkan fjögur, kærastinn minn kemur svo heim og eldar fyrir mig. Svo bara höfum við það huggulegt, horfum kannski á mynd í símanum og förum að sofa.“

Þegar Fréttablaðið hitti Katerinu var hún í frii og naut þess að slaka á í tjaldinu. „Ég ætla bara að nýta daginn í að slaka á. Nýt þess að hvíla mig í tjaldinu og svo er ég hérna með húllahring sem ég elska að leika mér með,“ segir hún og hlær.

Einstaklega gott veður hefur verið

Svo bara höfum við það huggulegt, horfum kannski á mynd í símanum og förum að sofa.

í borginni í sumar og segist Katerina ekki vera kvíðin kuldanum sem fylgir haustinu hér á landi.

„Við vitum að það verður kalt en ætlum bara að sjá hversu kalt, svo þangað til að það verður of kalt þá verðum við í tjaldinu,“ segir hún.

„Við erum vel búin, með fullt af hlýjum förum og svefnpokum svo ég held að þetta ætti að vera í lagi, okkur hefur að minnsta kosti ekki orðið kalt hingað til,“ segir Katerina. birnadrofn@frettabladid.is

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Veldu öruggt start með **TUDOR**

Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Þegar sumarið kallar á þig. Hilux Invincible



Verð frá: 6.170.000 kr.



Invincible 33" breytingapakki að verðmæti 700.000 kr. fylgir

Hilux er ódrepanði harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum. Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.

Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

FRÉTTABLAÐIÐ IS

MEST LESIÐ

1. Ráðherra í aftanákeyrslu: „Út af vitleysingi í umferðinni“

2. Grunsamlegir menn bjóða þjónustu við þrif á Seltjarnarnesi

3. Sólrún Diego sendir lögmennt á DV

4. Bréf lögmanns Sólrúnar spaugilegt: „Áhrifavaldar bera ábyrgð“

5. „Tíminn læknar ekki öll sár“



Lilja Alfredsdóttir menntamálaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimavist verði opnuð að nýju

SKÓLAMÁL Sveitarfélög á Suðurlandi krefjast þess að starfrækt verði heimavist við Fjölbrautaskóla Suðurlands eins og var fram til ársins 2016.

„Ungmenninn af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almennings-samgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hröðum höndum við að koma upp heimavist við skólann,“ segir í áskorun til Lilju Alfredsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. –gar

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu Fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Skemmtu sér vel á LungA þótt rigndi alla helgina

SKEMMTANIR „Veðrið spilaði ekki með okkur en heilt yfir gekk vonum fram,“ sagði Björt Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri listahátíðarinnar LungA, undir lok hátíðarinnar sem lauk á Seyðisfirði í gærkvöldi.

Rigning setti svip sinn á LungA að þessu sinni. „Það rigndi nánast allan tímann og það er grenjandi rigning enn þá,“ sagði Björt við Fréttablaðið. Það hafi þó alls ekki slegið á fjörið. „Ekki agnarögn.“

Að sögn Bjartar voru stórtónleikarnir á LungA á föstudags- og laugar-

Það rigndi nánast allan tímann og það er grenjandi rigning enn þá.

Björt Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri listahátíðarinnar LungA

dagskvöld þeir fjölmennustu frá upphafi. Tvö til þrjú þúsund gestir hefðu verið á laugardagskvöldið.

Högni Egilsson batt endahnútinn á hátíðina með tónleikum í Seyðisfjarðarkirkju í gærkvöldi. „Það er

mjög mikið af fólki farið en þetta verður vonandi lítið og nett og við vonum að bæjarbúar sjái sér fært að mæta,“ sagði Björt.

Vegna veðurs var eftirpartí fært frá tónleikasvæðinu utan við þorpið í íþróttahúsið og það Björt bæjarbúa afsökunar á ónæðinu. „Slíkt veldur auðvitað auka hávaða en það sýndu allir því skilning,“ segir Björt. Seyðfirðingar taki virkan þátt í LungA. „Þetta væri ekki hægt án stuðnings bæjarbúa og bæjarfélagsins. Það er alveg á hreinu.“ –gar



Bagdad Brothers á sviðinu á laugardagskvöldi. MYND/JULIETTE ROWLAND

Elsta málið er átta ára gamalt

Elsta málið sem biður afgreiðslu ákærsviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er frá 2011. Opín mál hjá embættinu öllu eru yfir fimmtán þúsund. Umferðarlagabrot eru í miklum meirihluta.

STJÓRNSÝSLA Það mál sem lengst hefur bedið afgreiðslu á ákærsviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er frá árinu 2011. Bedið er gagna í málinu til að unnt sé að ljúka því.

Yfir helmingur þeirra 6.300 mála, sem biða afgreiðslu ákærsviðs lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (57 prósent), varðar meint umferðarlagabrot. Önnur mál sem biða afgreiðslu varða hegningarlagabrot (35 prósent) og sérrefsilagabrot (26 prósent). Til sérrefsilega heyra til dæmis fíkniefnalöggjöfin og vopnalög. Hluti málanna varðar meint brot á fleiri en einu sviði. Þannig kann að vera að í einu og sama málinu sé grunur um allt í senn; umferðarlagabrot, sérrefsilagabrot og hegningarlagabrot.

Sviðið er nú fullmannað en mikil starfsmannavelta og mannekla á undanförunum árum er hluti þessa mikla álags. Aðeins fjórtán lögfræðingar voru starfandi á sviðinu þegar Fréttablaðið birti síðast frétt af málahalanum í febrúar 2018 en eiga að vera 18 þegar sviðið er fullmannað.

Það er einnig mat lögreglunnar að málum sem koma inn á borð lögreglunnar sé að fjölga.

Þau mál sem eru til meðferðar hjá ákærsviði eru um það bil 40 prósent allra mála sem eru til meðferðar á ýmsum sviðum embættis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þann 8. júlí, þegar unnið



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur aðsetur á Hverfisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forgangsröðun mála


Forgangsröðun mála hjá lögreglu og ákærsviði tekur meðal annars mið af fyrirmælum ríkissaksóknara. Þar segir að hraða skuli ofbeldis- og kynferðisofbeldismálum.

Í sérstökum forgangi eru nauðgunarmál, mál sem varða ofbeldi gagnvart börnum, ofbeldi í nánum samböndum og mál gerenda yngri en 18 ára.

Þá fá mál forgang þegar sakborningar sæta gæsluvarðhaldi eða farbanni. Einnig er reynt að flýta málum þeirra sem eiga ólokin mál í kerfinu en eru að sækja um reynslulausn eða samfélagsþjónustu.

Þegar þessu sleppir þá er málum forgangsráðað eftir aldri og fyrningartíma.

Stofnár opinna mála hjá LRH



var að svari við fyrirspurn blaðsins voru opin mál hjá embættinu alls 15.562. Yfir 85 prósent þeirra eru frá árunum 2018 og 2019. Um fjórtán prósent málanna eru eldri.

Auk mála hjá ákærsviði er hátt á annað þúsund mála til rannsóknar

hjá rannsóknardeildum embættisins. Flest hinna opnu mála eru hins vegar til afgreiðslu hjá þjónustudeild embættisins en þar eru bæði mál sem á eftir að senda áfram til annarra deilda eða sviða eða mál sem biða gagna. Langflest þessara mála (93%) eru umferðarlagabrot sem eru yfir tíu þúsund. Afgreiðsla þeirra getur verið margvísleg. Í stórum hluta þeirra er bedið gagna svo sem niðurstaða frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum en einnig er um að ræða ógreiddar umferðarsektir. Hegningarlagabrot til meðferðar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eru 4.504 og sérrefsilagabrot 2.402.

Rúmlega fjórðungur allra opinna mála hjá embættinu er skráður í bið en þá er í flestum tilvikum um að ræða mál þar sem bedið er gagna annars staðar frá eða þess er bedið að sakborningur komi til landsins. adalheidur@frettabladid.is

Jeep
THERE'S ONLY ONE

jeep.is

GOÐSÖGNIN NÝR JEEP® WRANGLER

JEEP® WRANGLER RUBICON

Rock-Track® fjórhjóladrif, Select-Trac® millikassi, Tru-Lock® 100% driflæsingar að framan og aftan, aftengjanleg jafnvægisstöng að framan, Heavy Duty fram- og afturhásing, 17" álfelgur, 32" BF Goodrich Mudtrack hjólbarðar, bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð, bakkskynjarar, aðgerðarstýri, hraðastillir, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifnar rúður, rafdrifnir og upphitaðir hliðarspeglar og fjarstýrðar samlæsingar.

WRANGLER RUBICON BENSÍN 273 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.
WRANGLER RUBICON DÍSEL 200 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ: 10.890.000 KR.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOD

UMBOÐSADILI JEEP. Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAD LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Sturtuveisla!



Sturtuhurðir
Breidd:
70, 80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70cm. **29.990**



Sturtuhorn
Stærðir:
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. **36.900**



Sturtuvængir
með lyftilóm
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100x100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **40.300**



Verðdæmi
80 x 80 cm rúnnaður
54.900

Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisglери, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.

Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.



Sturtuhorn með botni
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **45.650**



Sturtuhorn
Stærðir:
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. **34.800**



8 mm. hert
öryggisglер
með festingum
Stærðir 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. **28.243**

Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is



- fyrir þitt heimili



Svona líta hugmyndir Porpsins um uppbyggingu í Gufunesi út. MYND/PORPIÐ

Þrjú fullgild vilyrði um lóðir undir ódýrar íbúðir

HÚSNÆÐISMÁL Þrjú af þeim níu hópum sem valdir voru til þátttöku í verkefni Reykjavíkurborgar um ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur hafa fengið fullgild lóðarvilyrði frá borginni. Rætt var um stöðu verkefnisins á fundi borgarráðs á fimmtudaginn.

Þessi þrjú verkefni sem eru lengst komin eru á vegum félaganna Frambúðar, sem þróar byggð í Skerjafirði, Vaxtarhúss, sem byggst byggja á Sjómannaskólareit, og Úrdarsels sem fékk úthlutað reit í Úlfarsárdal.

Til viðbótar hefur borgarráð samþykkt að veita fimm verkefnum aukinn frest til að tryggja fjármögnun eiginfjár sem er 20 prósent af áætluðum byggingarkostnaði. Félögin Þorpið og Hoffell sem eru að þróa hagkvæmt húsnæði í Gufu-

nesi hafa þegar skilað gögnum um fjármögnun til borgarinnar. Samkvæmt áætlunum verkefnisins er gert ráð fyrir að umræddar framkvæmdir geti hafist á næstu 12 til 24 mánuðum.

Hins vegar ákvað félagið Heimavellir að draga sig út úr verkefninu en það hafði fengið vilyrði fyrir reit á Vedurstofuhæð. Félagið Variat ákvað í kjölfarið að færa sitt verkefni frá Bryggjuhverfinu yfir á Vedurstofuhæð.

Þá samþykkti borgarráð á fundi sínum að slíta viðræðum við félagið Abakus vegna uppbyggingar við Bryggjuhverfi þar sem engum gögnum hafði verið skilað innan tilskilins tímabrests. Verður öðrum teymum sem tóku þátt í verkefninu því boðið að koma að því verkefni. –sar



Volodimir Selenskiy, forseti Úkraínu, ræðir við fréttamenn er hann greiddi atkvæði í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Flokkur grínista vinnur þingkosningar Úkraínu

„Þjónn fólksins“, flokkur Selenskiy forseta og fyrrverandi grínista, bauð fram í fyrsta sinn til þings. Samkvæmt útgönguspám í gærkvöldi hlaut þessi nýi stjórnmálaflokkur 44 prósent atkvæða.

ÚKRAÍNA Útgönguspár í Úkraínu segja flokk Volodímirs Selenskiy, forseta Úkraínu, muni sigra í þingkosningunum sem fóru fram í gær og ná meirihluta á þinginu.

Flokkurinn „Þjónn fólksins“ er nefndur eftir vinsælum sjónvarpsþætti þar sem Selenskiy lék kennara sem varð forseti landsins. Hann vann stórsigur í forsetakosningunum í apríl síðastliðnum gegn sitjandi forseta, Petro Porosjenko.

Selenskiy segir flokkinn leggja höfuðáherslu á að draga úr viðtækri

45

milljónir búa í Úkraínu.

spillingu, ráðast í umbætur á réttarkerfi landsins og hvetja til erlendar fjárfestingar. Þá ætli forsetinn að binda enda á átök Úkraínumanna við rússneska aðskilnaðarsinna í austurhluta landsins. Aðskilnaðarsinnarnir sem njóta stuðnings Rússa, hafa hertekið stór landsvæði frá árinu 2014. Átökin hafa kostað um þrettán þúsund mannlíf.

Nýi forsetinn hefur þurft að deila völdum með núverandi þingi sem tilnefnir forsætisráðherra og myndar ríkisstjórn. Hann hefur átt erfitt með að fá stuðning þingsins við ráðherraával sitt því ríkisstjórn landsins og þing er hlíðhollt fyrr-

verandi forseta. Selenskiy flýtti því þingkosningunum til að koma flokk sínum til meiri áhrifa.

Flest bendir til þessa að „Þjónn fólksins“, flokkur Selenskiy, fái flest atkvæði í þingkosningunum. Þetta er í fyrsta sinn sem flokkur hans býður fram til þings. Samkvæmt útgönguspám fær flokkurinn um 44 prósent atkvæða. Flokkur hliðhollur stjórnvöldum í Rússlandi fær næstflest atkvæði eða um 12 prósent. Selenskiy hefur hafnað öllu samstarfi við þann flokk.

Öðrum flokkum er spáð minna fylgi. Holos-flokknum er spáð 6 prósentum en forystumaður hans er Svjatoslav Vakartsjúk, forsöngvari vinsællar rokkhljómsveitar. Sá flokkur þykir líklegur til samstarfs við „Þjóna fólksins“.

Flokki Petro Porosjenko, fyrrverandi forseta, „Evrópski samstöðu“, er spáð 9 prósentum og flokknum „Föðurlandinu“ (Batkiivshchyna), sem Júlía Timosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra, fer fyrir er spáð 8 prósentum. david@frettabladid.is

Ein milljón heyrnartóla fyrir börn seld

VIÐSKIPTI Félagið Nordic Enterprises Ltd, sem er að mestu í eigu Íslendinga í Hong Kong og framleiðir heyrnartól í Shenzhen fyrir börn, hefur tryggt sé jafnvirði 125 milljóna króna til að fjármagna vöxt fyrirtækisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Centra Fyrirtækjaráðgjöf sem annaðist fjármögnunina þá selur Nordic Enterprises vörur sínar aðallega í Kína og Bandaríkjunum. Framkvöðlarnir að baki félaginu eru Bjarki Garðarsson og Pétur Ólafsson sem er framkvæmdastjóri félagsins.

Nordic Enterprises hefur þegar selt yfir eina milljón heyrnartóla sem ætluð eru börnum. „12,5 prósent barna á aldrinum 6-19 ára hafa hlotið eyrnaskaða vegna hlustunar með heyrnartólum með of háum hljóðstyrk og félagið snýst um hönnun, framleiðslu og sölu á heyrnartólum fyrir börn og unglínging“, segir í tilkynningu. Framleitt er undir merkinu buddyphones.

Tekjur Nordic Enterprises í fyrra eru sagðar hafa verið um 4,3 milljónir Bandaríkjadala og tekjurnar á þessu ári eru áætlaðar 6,3 milljónir dala, eða jafnvirði um 790 milljóna króna.

„Stærstu viðskiptavinirnir eru Target og Amazon, en varan er í



Börn verða oft fyrir heyrnarskaða af of háum hljóðstyrk. MYND/BUDDYPHONES

Á árinu 2020 er stefnt að því að sækja fimm milljónir Bandaríkjadala til að fjármagna tæknipróun sem beinist meðal annars að ofvirkum og einhverfum börnum.

Úr tilkynningu frá Centra Fyrirtækjaráðgjöf

dreifingu í 60 löndum. Félagið er búið að selja yfir 1 milljón eintaka af heyrnartólum til þessa. Framtíðarhorfur félagsins eru góðar og spennandi tækifæri til vöruþróunar,“ segir í tilkynningu Center Fyrirtækjaráðgjafar. „Á árinu 2020 er stefnt að því að sækja fimm milljónir Bandaríkjadala til að fjármagna tæknipróun sem beinist meðal annars að ofvirkum og einhverfum börnum.“ –gar

KRONAN

GRILLJÓN

Ástæður til að grilla

#ÁSTÆÐA

3.030

... því það er svo fljótlegt

www.kronan.is



MEIRA ÖRYGGI
MEIRA RÝMI
JAZZ



SÉRVALDIR BÍLAR
Á TILBOÐSVERÐI

Bernhard - Honda á Íslandi
Vatnagördum 24
104 Reykjavík
Sími 520 1100
www.honda.is

Umboðsaðilar:
Bílver
Innesvegi 1
Akranesi
Sími 431 1985

Höldur
Þórsstíg 2
Akureyri
Sími 461 6020

Bragginn
Flötum 20
Vestmannaeyjum
Sími 481 1535



HONDA

Kveðjuræðan



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Í síðustu viku hélt Theresa May sína síðustu formlegu ræðu sem forsætisráðherra Bretlands. May hefur starfað í breskum stjórnámum í hálföld. Frá grasrótinni og upp. Hún fyllti umslög með fjöldapósti flokksins, var í stjórnámum á námsárunum, var sveitarstjórnaður, og virk í kosningaráttu flokksins. Hún var stjórnarandstöðuþingmaður í tólf ár og síðan níu ár í ríkisstjórninni, fyrst sem innanríkisráðherra og þá forsætisráðherra. Flestir þekkja að forsætisráðherratið hennar hefur markast af misheppnuðum tilraunum til að ljúka útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

Í kveðjuræðu sinni minnti May á miklar samfélagsframarfarir síðustu áratuga. „Það hafa verið lýðræðisleg stjórnám, opið markaðshagkerfi, viðvarandi gildi málfrelsis, réttarríkið og stjórnkerfi byggt á hugmyndinni um friðhelgi mannréttinda sem hafa skapað samhengi þessara framfara.“

Hún lagði út frá hefðbundinni íhaldsstefnu raunsæis og manngildis, með áherslu á öryggi, frelsi og tækifæri. Varfærni, háttþryði, hófsemi, og þjóðræknir var ítrekuð. Varðveita ætti það sem máli skiptir en taka ófeimin á móti breytingum. Viðurkenna jafnvel að breytingar geta verið varðveisla. Viðskipti væru þýðingarmikil en gera yrði fyrirtæki ábyrg brytu þau reglurnar.

En May var ómyrk í máli þegar hún varaði við ástandi stjórnmála í Bretlandi og þeirri valdhyggju og lýðskrumi sem vex fiskur um hrygg víða um heim. „Í dag er full ástæða til að hafa alvarlegar áhyggjur, bæði hér heima fyrir og á alþjóðavettvangi, bæði að efni og ásýnd. Ég hef áhyggjur af stjórnmálaástandinu. Þessar áhyggjur byggjast á þeirri sannfæringu minni að þau gildi sem velgengni okkar byggir á verða ekki tekin sem gefin,“ sagði May.

May sagði nauðsynlegt að standa vörð um alþjóðlegar skuldbindingar, svo sem um Parísarsamkomulagið og kjarnorkusamning stórveldanna.

Henni varð tíðrætt um útgöngufæri Breta úr Evrópusambandinu (Brexit) sem hafi verið eitrad af hugmyndafræði „allt eða ekkert“. Popúlískar hreyfingar hafi gripið tækifærið og nýtt það tómarúm sér til framdráttar. „Þær hafa fagnað pólitískri sundrung, greint óvini og sakað þá um vanda okkar og bjóða upp á ódýrar lausnir. Þannig er ýtt undir stjórnmál sundrungar sem sjá heiminn með hugsuninni „við gegn þeim“ – heim sigurvegara og tapara, þar sem lítið er á málamiðlanir og samvinnu í gegnum alþjóðlegar stofnanir sem veikleikamerki en ekki styrk,“ sagði hún.

Eitraða hugmyndafræðin er ekki sist innan hennar eigin flokks. Það kom skýrt fram þegar breska greiningarfyrirtækið YouGov kannaði hug flokksmanna íhaldsflokksins í júní síðastliðnum til útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Niðurstöðurnar voru ótrúlegar. Trúarhitinn er nánast taumlaus. Í ljós kom að meirihluti flokksmanna vill klára Brexit-ferlið, jafnvel þótt það leiði til upplausnar breska konungsríkisins, verulegs efnahagslegs tjóns fyrir breska hagkerfið eða eyðileggingar og endaloka eigin flokks!

– Eftirmanns May biða erfið verkefni. Ekki sist ef það er sá sem atti þjóðinni á sundrungarforaði.



Meirihluti flokksmanna vill klára Brexit-ferlið, jafnvel þótt það leiði til upplausnar breska konungsríkisins, verulegs efnahagslegs tjóns fyrir breska hagkerfið eða eyðileggingar og endaloka eigin flokks!

Halldór



Frá degi til dags

Smáflokkum fjölgar

Páll Vilhjálmsson kennari og einn helsti þrenningasmiður heilagar þrenningar Moggans, Útvarps Sögu og Miðflokksins er sjaldan sannspár.


Honum til varnar má þó rifja upp að hann spáði í maí líkt og flestir fyrir um auknið fylgi Miðflokksins. Sagði Páll þá að „bernsk forysta XD gerir Sjálfstæðisflokkinn að smáflokki á 90 ára afmælinu“.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hafði síðan á orði á dögnum að fleiri smáflokkar séu ekki svarið. Þeim smáu virðist þó fjölga nú er MMR mælir Sjálfstæðisflokkinn í 19 prósentum.

Siðbót í beinni

Nú eru erfiðir dagar hjá Pirötum eftir átök síðustu daga. Miðað við nýjustu könnun MMR virðast átökin þó ekki hafa hindrað Pirata í að mælast annar stærsti flokkur landsins. Hafa skal þó í huga að könnunin var gerð yfir tveggja vikna tímabil. Kann að vera að fylgið megi rekja til baráttu Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur við hugtakið „rökstuddan grun“ sem ein fyrirferðarmikil starfsstétt túlkar öðruvísi en allir aðrir. Og hina „gjörspilltu samtryggingu karla-klikunnar“, eins og hún orðar það. Má ætla að „gjörspillta karla-klikun“ flissi sig máttlausu yfir vandræðunum síðustu daga. arib@frettabladid.is

Fyrir og síðar



Einar Benediktsson
fyrirverandi sendiherra

Þeirri vegsemd fylgir ábyrgð að eiga sæti í samstarfinu á norrænum vettvangi, EFTA/EES, NATO, Sameinuðu þjóðunum o.s.frv. með rétt til afstöðu í viðtækasta skilningi. Nýlega hafa stjórnvöld hafið virka þátttöku í mannréttindamálum á vettvangi S.Þj., sem er til sóma. Svo sem er um aðrar smáþjóðir finna Íslendingar samstöðu með vina- og bandalagsþjóðum. Norðurlöndin standa saman að framboði til Öryggisráðsins og þar er kominn tími til að sjáist til Íslands.

Á árunum 2011-12 var brugðist við stórtækum fyrirætlunum Huangs Nubo um jarðakaup í Þingeyjarsýslu, sem telja mátti að tengdust risahöfn í Þistilfirði á vegum ókunnra aðila. Þeirri vó var þó bægt frá í bili með reglugerð innanríkisráðherra, sem gerði útlendingum óheimilt að eignast hér fasteignir nema með fastri búsetu. Einmitt þetta tryggðu Danir sér með undanþágu í aðildarsamningi sínum að ESB. Engu að síður var reglugerðin felld úr gildi. Nú þarf að endurvelja þessa bráðnauðsynlegu – vital interest – ráðstöfun enda hefur þessi danska lög-gjöf beint fordæmisgildi fyrir okkur þegar um var að ræða ekki síður ríkar ástæður en sumarbústaðaáskón nágranna Dana á Jótlandi. Stórfelld jarðakaup breska billjónerans Jims Radcliffe vegna laxveiðiréttinda á Norðausturlandi vekja furðu og ugg fólks. Brask með landgæði hefur greinilega staðið um árabíl ef 60 jarðir eru komnar í eigu erlendra fjárfesta. Forsætisráðherra hefur boðað birtingu stefnumörkunar á þessu sviði í haust en er ekki tilefni til bráðabirgðaráðstafana?

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hefur öll áhersla verið lögð á framkvæmd EES-samningsins fremur en fulla aðild að Evrópusambandinu. Samningurinn tryggir frjálstan aðgang að mikilvægasta markaðssvæði okkar og er árangur langrar baráttu um viðskiptafrelsi samfara óskoruðum yfirráðum varðandi fiskimiðin. Komid hefur fram hávær andstæða gegn innleiðingu þriðja orkupakkans með fátánumlegum málalíbúningi, sem stofnar sjálfri þátttökunni í EES í hættu. Þetta skal þó kveðið niður á sérstökum, stuttum fundi Alþingis í ágústlok.



Brask með landgæði hefur greinilega staðið um árabíl ef 60 jarðir eru komnar í eigu erlendra fjárfesta.

Erum með mikið úrval af allskonar bílaverkfærum á frábæru verði!



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Stjórnmal og asnaskapur

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Eitt helsta einkenni, og jafnframt það bagalegasta, á stjórnmalum okkar daga er þetta: Ef þú ert nógu mikill rugludallur og helst dóni líka sem skeytir engu um sannleika eða rök, geturðu verið nokkuð viss um að þú eigir góðan sjens á að ná í um það bil 20% fylgi í kosningum, jafnvel meira. Slikt fylgi er nóg til að hafa veruleg áhrif í vestrænum lýðræðisríkjum.

Ákaflega margir stjórnmalamenn víða um lönd hafa uppgötvad þetta, m.a. leiðtogi hins frjálsa heims svokallaður. Hann finnur sífellt nýja botna í málflutningi sínum, eins og við sáum dæmi um í liðinni viku þegar rasistagarg hans á Twitter ómaði um heimsbyggðina. Yfirgengilegur dónaskapur Trumps nýtur fylgis um 20% kosningabærra Bandaríkjamanna, held ég að megi óhikað

áætla. Það getur nægt til sigurs í kosningum þar sem innan við helmingur mætir á kjörstað.

Í Bretlandi hafa fjölmargir refir uppgötvað þetta trix og hafa náð að skapa glundroða þar í landi sér í hag á undanförunum misserum. Á Íslandi er útlit fyrir að nokkrir séu að spila þennan leik. Dónaröfl á Klausturbar skilar árangri. Virðingarleysi fyrir staðreyndum í flóknum deilumálum líka. Í rauninni er þetta mesta nýjungin í stjórnmalakænsku á síðari árum. Vertu bara nógu mikill asni.

Nokkrar ástæður

Það eru nokkrar ástæður fyrir því að þetta virkar. Í fyrsta lagi: Sérta nógu fارانlegur í yfirlýsingum og nógu skeytingarlaus um heilbrigða skynsemi eru verulegar líkur á að þú nair athygli óánægjufylgisins. Þetta eru þeir kjósendur sem eru svo óánægðir með tilveruna að þeir vilja helst kjósa til áhrifa þá aðila sem eru líklegir til þess að gera sem mestan usla. Þessir kjósendur vilja senda tundurskeyti með atkvæði sínu inn í „þetta drasl“.

Önnur ástæða fyrir því að asnaskapur virkar liggur í offlæði upplýsinga og vissu afstæði sem ríkir um staðreyndir. Sú sem hefur kannað málin og gert



Vegna þessa misskilnings er andrúmsloft stjórnmalanna óheilbrigt og samband kjósenda og stjórnmalafólks í klessu. Það eru frábær tíðindi fyrir rugludalla.

rannsóknir þykir jafnvel hrokafull. Sumir kjósendur vilja ekki láta sérfræðinga segja sér fyrir verkum. Þeir eru líklegir til að kjósa — í tilvistarlegri uppreisn gegn þekkingu — þá aðila sem halda þveröfugu fram, helst alveg án rannsókna. Loftslagsmál eru ágætt dæmi um þetta. Í veröld þar sem eiginlega allir eru orðnir samála um að mannkynið sé að tortíma sér getur verið snjallt að vera sá eini sem segir hið gagnstæða, og segja það nógu hátt. Þetta er daudafæri til sérstöðu. Innra samtal kjósenda, sem hér liggur til grundvallar, er einhvern veginn svona: Ég ætla að kjósa þann sem segir annað en allir aðrir segja, vegna þess að ég geri það sem mér sýnist. Veröldin er mér andsnúin.

Hér er tækifæri til að gera uppreisn gegn henni. Svona hugsa sumir, og muniði: Takmarkið er bara að ná í 20%. Það nægir. Engu máli skiptir þótt 80% hristi hausinn og förne höndum.

Traust skiptir litlu

Þriðja ástæðan eru þessu tengd. Hún liggur í yfirgripsmiklu vantrausti sem ríkir almennt til stjórnmalafólks. Vantraustið er í mörgum tilvikum áunnið en líka á vissan hátt kerfislægt. Í raun felst í stjórnmalafátttöku ákveðin vantraustsgildra sem eiginlega allir þátttakendur í stjórnmalum lenda í. Hún felst í þeim yfirgripsmikla misskilningi að stjórnmalamenn, einir og sér, ráði einhverju. Kjósendur vilja að stjórnmalamenn lofi. Þeir gera það. Svo þegar á hólminn er komið geta þeir ekki staðið við loford sín. Ástæðan fyrir því er einföld: Þeir ráða engu einir. Það er raunar gott og heitir valddreifing og lýðræði. Stjórnmalamenn í heilbrigðu lýðræðisríki verða alltaf að semja og koma til móts við önnur sjónarmið en sín eigin. Þeir ættu þess vegna aldrei að lofa neinu. Þeir ættu bara að segja hvað þeir, sem slíkir, vilja. Hvað þeir standa fyrir. Ekki meira.

Vegna þessa misskilnings er

andrúmsloft stjórnmalanna óheilbrigt og samband kjósenda og stjórnmalafólks í klessu. Það eru frábær tíðindi fyrir rugludalla. Í kringumstaðum þar sem eiginlega enginn nýtur trausts þurfa stigamenn ekki að hafa áhyggjur af trausti. Enginn er verri en hver annar. Nógu mikil athygli nægir til árangurs.

Stærsta viðfangsefnið

Fjórða ástæðan er líklega sú alvarlegasta. Til er óhemju fjöldi fólks sem einfaldlega trúir rugli. Jörðin er flöt. Evrópusambandið er sam-særi. Litað fólk á að fara „heim til sín“. Gróðurhúsáhrifin eru ekki til. Ef þú ert þannig innréttadur, eins og Trump og fleiri, geturðu talað til þessa fólks og verið þess maður. Atkvæði er atkvæði.

Eftir stendur þá spurningin: Hvað á að gera í þessu? Mannkynið má alls ekki við svona löguðu. Blygðunarlausir apakettir mega ekki æða með veröldina í enn einn hörmungarhringinn. Jörðin hitnar. Nú þarf aðgerðir og samstöðu. Ögnir blasa við. Stærsta viðfangsefni nútíma-stjórnmalafólks — og lífið liggur við — er að finna leið til þess að segja drullusokkum á einhvern hátt sem virkar að grjóthalda kjafti og skammast sín.

Ekkert verður til af engu



Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS – Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Hvar eru Íslendingar um þessar mundir í forystu á alþjóðavísu og fyrirmynd? Í fljótu bragði er svarið ekki augljóst, en við nánari athugun sést að í þróun á lausnum og tækjum fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu standa þeir fremstir í flokki. Reyndar svo að útlutningur á þessum vörum nemur tugum milljarða króna á ári. Nefna má nýlega frétt af Skaganum 3X þar sem fram kemur að: „Hátæknifyrirtækið Skaginn [3X], sem þróar, framleiðir og selur tækjabúnað fyrir matvælaíðnaðinn, hagnaðist um 397 milljónir króna á síðasta ári en til samanburðar var hagnaður fyrirtækisins 340 milljónir á árinu 2017. Tekjur Skagans [3X] námu 8,1 milljarði og jukust um 2,4 milljarða á milli ára.“ Skaginn 3X er alls ekki einsdæmi á þessu sviði, fjölmörg önnur hátækni- og iðnfyrirtæki mætti nefna.

En hvernig gerðist þetta, af hverju eru Íslendingar fremstir í flokki þegar kemur að því að verka fisk og mat á grundvelli fjórðu iðnbýltingarinnar; byltingar sem framkvæmdastjóri Skagans 3X segir að hafi hafist fyrir löngu hjá fyrirtækinu?

Það er ekki síst fyrir áráðni íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem þessi árangur hefur náðst. Sjávarútvegsfyrirtækin hafa talið íslenskar lausnir hentugastar og hagkvæmastar og hafa þróað þær í samstarfi við hátæknifyrirtækin. Eftir að lausnir hafa verið prófadar hér á landi hefur opnast fyrir útflutning. Fjárfestingar fyrirtækja sem nýta eina auðlind hafa því í raun skapað aðra og dýrmæta auðlind þar sem þörf er á fólki með margvíslega menntun og hæfileika.

Það er full ástæða til að hnykkja sérstaklega á þessu samhengi. Auðlindin í sjónum er með mjög áþreifanlegum hætti að geta af sér aðra auðlind; íslensk þjónustu- og



Ekki verður undan því vikist að benda á árangurinn sem íslensk tækni- og iðnfyrirtæki hafa náð í samstarfi við sjávarútveginn.

hátæknifyrirtæki. Svo má að sjálf-sögðu bæta við öflugum, spennandi og framsæknum líftæknifyrirtækjum um allt land.

Í leiðara Fréttablaðsins, 16. júlí var því fagnað að forsætisráðherra hefði skipað verkefnisstjórn um aðgerðir Íslands vegna fjórðu iðnbýltingarinnar. Undir þetta skal tekið. Einnig sagði að hér væru tækifæri „...til að taka forystu og vera gerendur í nýrri byltingu – almenningi til góða.“ Um leið og ástæða er til að hvetja stjórnvöld til dáða verður ekki undan því vikist að benda á árangurinn sem íslensk tækni- og iðnfyrirtæki hafa náð í samstarfi við sjávarútveginn. Þróunin þar hefur ekki gerst á forsendum eða undir leiðsögn hins opinbera, heldur þörfum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem berjast á alþjóðlegum markaði, en um 98% af íslensku sjávarfangi eru seld þar. Samkeppnishæfnin byggist meðal annars á því að nota nýjustu tækni. Þarna leiðir eitt af öðru.

Það sem stjórnvöld verða að hafa í huga þegar þau hyggjast undirbúa „aðgerðir Íslands vegna fjórðu iðnbýltingarinnar“, er að það þarf að vera spurn eftir lausnum og svigrúm hjá fyrirtækjum til fjárfestinga. Fjárfesting er forsenda framfara, nú sem fyrr. Að öðrum kosti verða aðgerðirnar lítið meira en orð á blaði. Samspil sjávarútvegsfyrirtækja og hátæknifyrirtækja er gott dæmi um eftirspurn, framboð og fjárfestingu. Þegar þetta fer saman er aldrei að vita nema Íslendingar verði enn frekari gerendur en þiggjendur á tímum fjórðu iðnbýltingarinnar.

Verðlækkun!

.....

Öl rúnstykki á 99 kr.





mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

.....

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

www.bjornsbakari.is

Ný stjarna fæddist á Norður-Írlandi um helgina



Írski kylfingurinn Shane Lowry vann sitt fyrsta risamót í golfi karla um helgina þegar hann fór með sigur af hólmi á opna breska meistaramótinu, The Open, sem haldið var í 148. skipti á Royal Portrush-vellinum á Norður-Írlandi í gær. Lowry hafði best náð öðru sæti á opna bandaríska árið 2016 og besti árangur hans á opna breska var níunda sæti. NORDICPHOTOS/GETTY

Flott uppskera frá Evrópumótinu

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Kúluvarparinn ungi og efnilega Erna Sóley Gunnarsdóttir keppti í gærmorgun í úrslitum kúluvarpskeppninnar á Evrópu-meistaramóti U-20 ára í Borås í Svíþjóð.

